



Bryndís Edda Eðvarðsdóttir

Ásgarði 2

805 Selfoss

Selfoss

28.02.2025

Efni: Varðar umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Ásgarði 2 (landnr. 186425)

Vegagerðinni hefur borist umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Ásgarði 2, dags. 07.11.2024. Við afgreiðslu umsókna um héraðsvegi ber að líta til skilgreiningar héraðsvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, þar sem fram kemur að:

„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.“

Síða 1/2

Í umsókninni kemur fram að sótt er um héraðsveg á grundvelli þess að skilyrði laganna um býli, sbr. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna sé uppfyllt og fylgja umsókninni eftirfarandi gögn til stuðnings þessu.

- Vottorð Þjóðskrár um lögheimilisskráningu.
- Staðfesting sveitarfélags á skilyrði um fasta búsetu
- Samþykki landeiganda sem fyrirhugaður vegur liggur um
- Staðfesting á að vegurinn að Ásgarði 2 er í aðalskipulagi sveitafélagsins.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Lagt hefur verið mat á umsóknina, sbr. 8. gr. vegalaga, og hefur Vegagerðin ákveðið að fallast á beiðni um nýjan héraðsveg að bænum Ásgarði 2, í samræmi við fyrirhugaða staðsetningu vegar skv. staðfestu deiliskipulagi, sem fylgdi umsókninni. Rétt er að taka fram að endanleg ákvörðun um legu vegar er í höndum Vegagerðarinnar.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega skv. a lið 1. mgr. 5. gr. vegalaga og skal vegurinn því byggður í samræmi við þá staðla og þau viðmið sem almennt eru gerðar kröfur um við gerð þjóðvega.

Í umsókninni kemur fram að vegurinn að bænum Ásgarði 2 hafi verið á vegaskrá árið 2015. Vegagerðin hefur nú farið í vettvangsskoðun og tekið út ástand vegarins. Ekki liggur fyrir hvenær hægt verður að ráðast í nauðsynlegar endurbætur á veginum en það verður þegar fjárveiting til verksins liggur fyrir. Það frestar þó ekki töku vegarins inn á vegaskrá.

Niðurstaða: Umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Ásgarði hefur verið samþykkt.

Rétt er að taka fram að ákvörðun þessi er kæránleg til innviðaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Síða 2/2

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar.
María Dís Ásgeirsdóttir
Deildarstóri Tæknideildar

Undirskrift

Vegagerðin